

## GJALDSKRÁ

### skipulags- og byggingarmála í Mosfellsbæ vegna leyfisveitinga, umsýslu og þjónustu.

#### 1. gr.

Fyrir útgáfu leyfa, úttektir, vottorð, skjalagerð, yfirlestur gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Mosfellsbær veitir vegna byggingar- og framkvæmdaleyfisskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir umhverfissvið Mosfellsbæjar í umboði bæjarstjórnar gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísun til 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta, sbr. 36. gr. laga nr. 160/2010	19.124
B) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta, sbr. 47. gr. laga nr. 160/2010	10.289
C) Fyrir áfangaúttekt, sbr. 48. gr. laga nr. 160/2010	10.289
D) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr. laga nr. 160/2010	19.124
E) Fyrir stöðuúttekt, öryggisúttekt, sbr. 55. gr. laga nr. 160/2010	19.124
F) Fyrir byggingarleyfisgjald, sbr. 27. gr. laga nr. 160/2010, afgreiðslugjald	10.847
G) Fyrir byggingarleyfisgjald, sbr. 27. gr. laga nr. 160/2010, gjald/m <sup>3</sup> í húsi	105
H) Fyrir stöðuleyfisgjald fyrir 20 feta gáma og smáhýsi til eins árs	37.620
I) Fyrir stöðuleyfisgjald fyrir 40 feta gám til eins árs	64.790
J) Fyrir árlegt stöðu- og eftirlitsgjald fyrir 20 feta gám innan lóða umfram samþykkt stæði á atvinnulóðum	37.620
K) Fyrir árlegt stöðu- og eftirlitsgjald fyrir 40 feta gám innan lóða umfram samþykkt stæði á atvinnulóðum	64.690

#### 3. gr.

Byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta samkvæmt C-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

#### 4. gr.

Fyrir yfirferð séruppdráttu (burðarþols- og lagnauppdráttu og séruppdráttu aðalhönnuða) skal innheimta gjöld sem hér segir, sbr. 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010:

	kr.
A) Vegna einbýlishúsa	56.700
B) Vegna par- og raðhúsa, pr. íbúð	32.880
C) Vegna fjölbýlishúsa:	
Fyrir fyrstu 5 íbúðirnar, pr. íbúð	15.768
fyrir 6. – 19. íbúð, pr. íbúð	6.598
fyrir 20. íbúð og hærri raðtölu íbúðar, pr. íbúð	3.914
D) Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús allt að 2.000 m <sup>2</sup> brúttó	105.000
E) Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús 2.000 - 10.000 m <sup>2</sup> brúttó	115.000
F) Annað húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði og gripahús stærra en 10.000 m <sup>2</sup> brúttó	145.000
G) Aðrar minni byggingar, s.s. viðbygging, bílgeymsla, anddyri, sólstofa o.fl.	25.000
H) Breyting á innra skipulagi atvinnuhúsnæðis	41.000
I) Breyting á innra skipulagi sérbýlis, klæðningu húss, svalaskýli eða lóð	15.000
Vegna aðkeypts yfirlesturs á séruppdráttum verður innheimt sérstaklega samkvæmt reikningi hverju sinni.	

## 5. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirllestur ýmiss konar og með tilvísun til 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Lokaúttektarvottorð/úttekt, sbr. 54. gr. laga nr. 160/2010	29.301
B) Fokheldisvottorð/úttekt, sbr. 55. gr. laga nr. 160/2010	29.301
C) Stöðuvottorð/úttekt, sbr. 55. gr. laga nr. 160/2010	29.301
D) Stofnskjalagerð, nýskráning, hver lóð í dreifbýli	35.000
E) Stofnskjalagerð, nýskráning, hver lóð í þéttbýli	20.000
F) Yfirllestur eignaskiptayfirlýsinga, stór	35.452
G) Yfirllestur eignaskiptayfirlýsinga, lítil	17.782
H) Samrunaskjalagerð	26.728
I) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu	98.191
J) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning	53.681

## 6. gr.

Fyrir hverja skoðun/skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal innheimta skoðunargjald sem hér segir:

Skoðunargjald pr. íbúð í fjöleignarhúsi	kr. 20.018
Skoðunargjald fyrir einbýlis- og sérbýlishús	kr. 29.524

## 7. gr.

Vegna grenndarkynninga skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, framkvæmdaleyfa skv. 13. og 14. gr. og vegna deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, sbr. 2. mgr. 20. gr. og 2. mgr. 38. gr. sömu laga, skal innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir grenndarkynningu á leyfisumsókn	35.000
B) Fyrir afhendingu grunnlandupplýsinga fyrir skipulagsvinnu	11.844
C) Vegna breytingar á aðalskipulagi, sbr. 2. mgr. 20. gr. og 36. gr. skipulagslaga:	
D) Vegna deiliskipulags:	
D1) Umsýsla vegna verkefnislýsingar	60.000
D2) Gerð tillögu að nýju deiliskipulagi eða umfangsmiklum breytingum á deiliskipulagi	Skv. samningi
D3) Gerð tillögu að einföldum breytingum	94.277
D4) Umsýslu- og kynningarkostnaður vegna nýs deiliskipulags	130.000
D5) Umsýslu- og auglýsingakostnaður vegna breytinga skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga	100.000
D6) Umsýslu- og kynningarkostnaður vegna breytinga skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga	55.000
E) Vegna framkvæmdaleyfa:	
E1) Leyfisgjald vegna framkvæmdaleyfis skv. 14. gr. skipulagslaga	105.441
E2) Leyfisgjald vegna annarra framkvæmdaleyfa	65.869
E3) Eftirlit umfram eina ferð sem er innifalin í E1 og E2; pr. ferð	23.596

## 8. gr.

Vegna beiðni um yfirborðs- og umhverfisbreytingar þar sem vikið er frá auglýstu deiliskipulagi, skal kostnaðarpátttaka umsækjanda samsvara framkvæmdakostnaði sem hér segir:

	kr.
A) Sögun malbik/steypa (fyrir hvern metra)	2.000
B) Endurnýjun steyptrar stéttar 10 sm (fyrir hvern fermetra)	9.000
C) Steypt stétt fjarlægð og endursteypt 15 sm (fyrir hvern fermetra)	15.000
D) Malbikun götu (fyrir hvern fermetra)	9.000
E) Kantur endursteyptur (fyrir hvern metra)	8.000

F) Færsla á ljósastaur (fyrir hvern staur)	175.000
G) Færsla á rafmagnskassa (fyrir hvern kassa)	330.000

## 9. gr.

Umhverfissvið annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari skv. 51. gr. laga um mannvirki og 20. gr. skipulagslaga.

## 10. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2., 4. og 5. gr. gjaldskrárinnar er áður en byggingarleyfi er útgefið, sbr. ákvæði 53. gr. laga um mannvirki.

Gjalddagi gjalda skv. 7. gr. er sem hér segir:

Skv. lið A:	Áður en grenndarkynning fer fram.
Skv. lið B:	Við afhendingu gagna.
Skv. liðum C1, D1 og D2:	Þegar tillaga er fullgerð.
Skv. liðum C2, D3, D4 og D5:	Við samþykkt tillögu til auglýsingar eða grenndarkynningar.
Skv. liðum E1 og E2:	Við útgáfu leyfis.
Skv. lið E3:	Við útgáfu leyfis, skv. áætlun um fjölda ferða.

## 11. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

## 12. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

## 13. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

## 14. gr.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 20. gr. og 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1333/2015.

*Mosfellsbæ, 7. desember 2016.*

**Jóhanna B. Hansen**, framkvæmdastjóri umhverfissviðs.